

Kiwanis

www.kiwanis.is

Skýrsla Kvennanefndar Umdæmisins Ísland Færeyjar til Umdæmisstjórnarfundar í Hafnarfirði 12. janúar 2013.

Mitt fyrsta verk sem formaður kvennanefndar var að hafa samband við forseta kvennaklúbbanna og óska eftir að þær tilnefndu tvær konur frá hverjum klúbb, til að starfa með mér í nefndinni. Það gekk mjög vel og er nefndin nú skipuð 2 konum úr Sólborgu, 2 frá Dyngum, 2 frá Vörðu og einni frá Emblum á Akureyri. Nefndin hefur haldið einn formlegan fund, auk samskipta á netinu. Við fengum umdæmisstjóra, Hjörsísi Harðardóttur, til að koma á fundinn með okkur og fara yfir hlutverk nefndarinnar

Í haust héldum við nokkra fundi með fyrrverandi Kiwaniskonum, þ.e. konum sem höfðu verið í Hörpu og Góu, komið hafði fram hugmynd um að kanna hvort möguleiki væri að stofna klúbb fyrir konur sem hættar eru að vinna og geta fundað að degi til. Eftir nokkra fundi, með þessum eldhressu og fjörugu konum, kom hinsvegar í ljós að ekki reyndist grundvöllur fyrir að stofna þannig klúbb.

Hafinn er undirbúningur að kynningarfundum sem við stefnum á að halda í lok janúar eða byrjun febrúar. Þá hefur einnig komið upp sú hugmynd að hafa samband við Sinawik konur sem við vitum að eru að hittast og halda fundum. Nefndarkonur munu svo vinna í sínum klúbbum og leita leiða til að kynna Kiwanis fyrir konum og afla nýrra félaga.

Með Kiwaniskveðju

Hildur Valsdóttir

Formaður kvennanefndar

Kiwanis er alheimsamtök sjálfboda er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna